



Fundargerð

**181. fundur Fræðslunefndar haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins,
Klausturvegi 4,
Þriðjudaginn 18. apríl 2023, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einar Kristján Jónsson, Ingimar Helgason, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, Guðmundur Ingi Arnarson, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Dóra Esther Einarsdóttir, Karitas Heiðbrá Harðardóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson og Auður Eyþórsdóttir.

Fundargerð ritaði: Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir

Almenn mál

1. 2304025 - Málefni Kirkjubæjarskóla á Síðu

Katrín Gunnarsdóttir, skólustjóri, gerði grein fyrir starfi Kirkjubæjarskóla á Síðu. Greindi Katrín meðal annars frá því að talsverð forfallakennsla hefði átt sér stað nú í vetur og búið væri að auglýsa eftir kennurum. Reiknað er með að nemendur verði 46 næsta vetur. Skólaslit verða 31. maí.

2. 2304024 - Málefni Heilsuleikskólans Kærabæjar

Dóra Esther Einarsdóttir, leikskólustjóri, gerði grein fyrir störfum Heilsuleikskólans Kærabæjar.

3. 2304026 - Nýjar reglur leikskóla Skaftárhrepps

Formaður gerði grein fyrir nýjum reglum, sem sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á 490. fundi sínum.

4. 2304027 - Tillögur að aðgerðum til að liðka fyrir ráðningum starfsmanna í leikskóla

Formaður gerði grein fyrir aðgerðum til að liðka fyrir ráðningum á leikskóla, sem sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á 490. fundi sínum.

5. 2304030 - Alark

Formaður gerði grein fyrir vinnu Alark arkitekta við skólahúsnæði. Markmið þessarar vinnu er að koma leik- og grunnskóla á einn stað.

*J. G.
GIA
RHS
ASJ*



6. 2304028 - Reglur um skólaakstur

Formaður lagði fram nýjar reglur vegna skólaakstur. Reglurnar taka á akstri grunnskólabarna og leikskólabarna.

Fræðslunefnd fór yfir og samþykkti fyrirbyggjandi reglur um skólaakstur samhljóða og vísar þeim til sveitarstjórnar til staðfestingar.

7. 2304029 - Útboðslýsing vegna skólaaksturs 2023-2026

Formaður lagði fram útboðslýsingu vegna skólaakstur skólaárin 2023/2024, 2024/2025 og 2025/2026. Gert er ráð fyrir að akstursleiðir verði sex (6) og að börn þriggja ára og eldri geti nýtt sér skólabífreðar.

Fræðslunefnd fór yfir og samþykkti fyrirbyggjandi útboðsgögn vegna skólaaksturs samhljóða og vísar þeim til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Fundi slitið kl. 19.21.


Einar Kristján Jónsson


Ingimar Helgason


Ragnheiður Hlín Símonardóttir


Guðmundur Ingi Arnarson


Arnfríður Sædis Jóhannesdóttir